



Þjóðhagfræði 1 – HAG2C05

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Reynir Már Ásgeirsson

Netfang/netföng:

reynir.asgeirsson@borgo.is

Lýsing:

Farið verður yfir grunnhugtök og meginviðfangsefni þjóðhagfræðinnar. Áhersla er lögð á að auka skilning nemenda á gildi góðs rekstrar efnahagslífsins fyrir neytendur, fyrirtæki og samfélagið í heild. Nemendur öðlist þekkingu og skilning á uppbyggingu og skipulagi atvinnugreina, markaða og stofnana.

Þekking, leikni, hæfni:**Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- skorti, vali og fórnarkostnaði.
- straumum efnahagslífsins.
- peningakerfi og bankakerfi.
- framleiðslu, framleiðslupáttum.
- eftirspurn, framboði, markaðsjafnvægi.
- hlutverki heimila, fyrirtækja og hins opinbera.
- starfsemi á vinnumarkaði.
- markaðshagkerfi, blönduðu hagkerfi og miðstýrðu hagkerfi.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilgreina einkaneyslu og samneyslu.
- greina samhengi skatta og fjármála hins opinbera.
- greina peningamarkað og vaxtamál.
- greina utanríkisviðskipti, gengi og hagvöxt.
- greina samhengi verðbólgu og atvinnuleysis.
- greina efnahagshringrásina.
- skilgreina þjóðarframleiðslu skv. gögnum um hana, t.d. þjóðhagsreikningum.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilgreina ýmis atriði í efnahagslífi þjóðarinnar, vinna ýmis störf sem krefjast hæfni í efnahagsmálum hjá hinu opinbera og fyrirtækjum, fjalla um samsetningu lands- og þjóðarframleiðslu sem er metið með skriflegum prófum og verkefnum.
- lesa í markaði fyrir vörur og þjónustu og skilja hvernig vinnumarkaður á Íslandi virkar sem er metið með skriflegum skyndiprófum og verklegum æfingum.
- greina og túlka ýmiss gröf og töflur sem snerta hagfræðilegar upplýsingar; og geta notfært sér internetið til þekkingaröflunar sem metið er með skriflegum skyndiprófum, hóp- og einstaklingsverkefnum.

Námsmat:

- Fjögur hlutapróf 50%
- Hópverkefni (ritsmíð) 30%
- Kynning 10%
- Kennaraeinkunn 10%

Nemendur þreyta fjögur hlutapróf sem samanlagt veða 50% af lokaeinkunn áfangans, það er hvert hlutapróf vegur 12,5%. Ástundun og virkni nemandans heyrir til kennaraeinkunnar sem telur 10% af lokaeinkunn. Einnig vinna nemendur hópverkefni sem gildir 30% af námsmati. Í lok annar kynna nemendur hópverkefni sín og gildir sú kynning 10%.

Námsgögn:

- *Þjóðhagfræði* eftir Þórunni Klemenzdóttur, (útg. 2019), útgefandi Mál og menning (Forlagið hf.).
- Ítarefni frá kennara.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

- Nemendum ber að skila öllum verkefnum og taka þátt í hlutaprófum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	(Kynning á áfanga)	
2	26.-30. ágúst	1. kafli: Hvað er hagfræði?	
3	2.-6. sept.	2. kafli: Hvernig verða tekjurnar til?	
4	9.-13.sept.	3. kafli: Hvaða spurningum reynir hagfræðin að svara?	Hlutapróf 1 (12,5%)
5	16.-20.sept	4. kafli: Adam Smith, faðir hagfræðinnar	Vörðuvika I
6	23.-27. sept.	5. kafli: Karl Marx	
7	30.sept.- 4. okt.	6. kafli: Markaðsöflin — eftirspurn og framboð	
8	7.-11. okt.	7. kafli: Verðteygni framboðs og eftirspurnar	Hlutapróf 2 (12,5%)
9	14.-18. okt.	7. kafli: Verðteygni framboðs og eftirspurnar	
10	21.-23. okt.	8. kafli: Framleiðslukostnaður	<i>Hausthlé</i>
11	29. okt.-1. nóv.	9. kafli: Afköst	
12	4.-8. nóv.	14. kafli: Þjóðarframleiðslan og landsframleiðslan	Hlutapróf 3 (12,5%) Vörðuvika II.
13	11.-15. nóv.	14. kafli: Þjóðarframleiðslan og landsframleiðslan	
14	18.-22. nóv.	17. kafli: Verðbólgan	Hlutapróf 4 (12,5%)
15	25.-29. nóv	Verkefnavinna	Hópverkefni (30%)
16	2.-6. des.	Verkefnavinna	Kynning (10%)
17	9.-12. des	Yfirlit og upprifjun	Kennaraeinkunn (10%) Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.